

Fundargerð 2. Fundar foreldraráðs leikskólans Marbakka. 1. feb 2010

Mættar voru: Eva Halldórsdóttir, Ragna Pálsdóttir, Fjóla Borg Svavarsdóttir, Svana aðstoðar leikskólastjóri og Fríður leikskólastjóri.

Rætt var um að halda utan um fundargerðir funda foreldraráðsins og ákveðið að Fríður sæi um að rita þennan fund.

Ákveðið að settur verði inn linkur fyrir foreldraráðið á heimasíðu skólans og mun Svana sjá um það. Þar verða reglur ráðsins settar inn, svo og netföng nefndarmanna og fundargerðir.

Unnar voru starfsreglur leikskólaráðsins, en áður höfðu hugmyndir af þeim verið sendar á milli fulltrúa á tölvupósti. Starfsreglurnar má sjá á heimasíðu skólans eins og segir hér að framan.

Rætt var um ósk starfsmanna skólans, að fá að taka tvo samliggjandi skipulagsdaga í apríl 2010. Samþykki um það liggur þegar fyrir frá stjórn foreldrafélagsins og leikskólanefnd Kópavogs. Nefndarmenn höfðu ekkert út á þessa ákvörðun að setja að þessu sinni, en í framhaldi af þessari umræðu var rætt um skóladagatal Marbakka og það hvenær ársins það væri tilbúið. Það er hlutverk þessa foreldraráðs að samþykkja næsta dagatal fyrir lok tímabilsins sem það er skipað til.

Fulltrúar höfðu fengið ársskýrslu og ársáætlun skólans sendar í tölvupósti og höfðu kynnt sér efni þeirra. Ekki komu fram neinar athugasemdir við þessar skýrslur, en rætt um að hittast á vordögum til að fara yfir hvernig hafi til tekist varðandi ársáætlun og framkvæmd hennar.